

14. fundur

Mánudaginn 27. ágúst 2007 kl. 15:00 kom hreppsnefnd saman til fundar í íþróttamiðstöðinni Verinu á Þórshöfn.

Mætt voru: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, Siggeir Stefánsson, oddviti, Aðalbjörn Arnarsson, Jóhannes Sigurður Jónsson, Árni Davíð Haraldsson, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, auk Björns Guðmundar Björnssonar, fulltrúa sveitarstjóra og Guðna Haukssonar, ritara.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá.

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd, 05.07.07. Lögð fram.
- Byggðaráð, 25.07.07. Lögð fram.
- Byggðaráð, 11.08.07. Lögð fram.
- Fræðslu- og menningarnefnd 26.07.07

Tillögur nefndarinnar um ráðningu þeirra Önnu Þorsteinsdóttur, Hugborgar Önnu Sturludóttur, Hilmu Steinarsdóttur og Ragnars Skúlasonar til kennslu við Grunnskólann á Þórshöfn samþykktar. Einnig samþykkt tillaga nefndarinnar um ráðningu Sigríðar Indriðadóttir til kennslu við Grunnskólann á Bakkafirði.

Sveitarstjóra falið að láta ganga frá ráðningarsamningum við viðkomandi.

Tillögurnar samþykktar samhljóða.

- Fræðslu- og menningarnefnd 16.08.07

Tillögur nefndarinnar um ráðningu Lilju Ólafsdóttur og Margrétar Jóhannsdóttur sem stuðningsfulltrúa við Grunnskólann á Þórshöfn samþykktar.

Sveitarstjóra falið að láta ganga frá ráðningarsamningum við viðkomandi.

- Umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd 22.08.07

Hreppsnefnd samþykkir að gerð verði skoðunarkönnun á meðal íbúa Þórshafnar um staðsetningu gámasvæðis í þéttbýlinu. Skoðunarkönnun skal fjalla um eftirtalda valkosti:

- Grjótnáma ofan Hálsvegar
- Plan fyrir neðan grjótnámu
- Lóð á athafnasvæði við Háholt

Sveitarstjóra falið að annast framkvæmd skoðunarkönnunarinnar. Samþykkt samhljóða.

- Atvinnumálanefnd 13.08.07

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að haldinn verði ráðstefna um atvinnumál í Langanesbyggð á Þórshöfn.

Sveitarstjóra falið að vinna að undirbúningi, tímasetningu og kynningu ráðstefnunnar í samráði við atvinnumálanefnd. Samþykkt samhljóða.

- Fjallskilanefndir Eystri og Vestri 26.08.07

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir boða báðar fjallskilanefndir til sameiginlegs fundar, ásamt fjáreigendum, til að ræða framtíðarfyrirkomulag fjallskilamála í sveitarfélaginu.

2. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Eyþing, stjórnarfundur, 12.07.07. Lögð fram.
- Eyþing, stjórnarfundur, 20.07.07. Lögð fram.
- AÐ, stjórnarfundur, 16.08.07. Lögð fram.
- Menningarmiðstöð Þingeyinga, stjórnarfundur, 15.08.07. Lögð fram.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, 102. fundur, 08.08.07. Lögð fram.

3. Mál. Skýrsla sveitarstjóra.

Björn flutti greinagóða skýrslu. Eftirfarandi bókun var samþykkt: Hreppsnefnd beinir því til hafnanefndar að við endurbyggingu hafskipabryggju verði kannaðir möguleikar á að koma fyrir neðansjávarskoðunarrými. Björn lagði fram eftirfarandi bókun:

Vegna tilraunarverkefnis um bláskeljarækt samþykkir hreppsnefnd Langanesbyggðar að tilraunalögnum verði fjölgað úr tveimur í fjórar. Var hún samþykkt samhljóða.

4. Mál. Innsend erindi.

Til kynningar.

- Byggðastofnun. Hagvöxtur landshluta 1998 -2005.
- Landbúnaðarnefnd Vopnafjarðarhrepps. Smölun á Fjallastykki. Samþykkt að fresta þeim lið ásamt skýrslu Byggðastofnunar.
- Hilmar Gunnlaugsson hrl. Tækifæri í tengslum við olíurannsóknir. Hilmar mætti á fundinn ásamt Kristni Péturssyni og bauð oddviti þá velkomna og gaf þeim orðið. Hilmar kynnti þau tækifæri sem framundan eru ef af olíuleit og vinnslu verður á Drekasvæðinu sem er svæðið norðaustur af Íslandi. Sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur gætu orðið lykilaðilar í hlutafélagi sem styddu þetta verkefni ásamt einkaaðilum. Nokkrar umræður urðu um málið og svöruðu Hilmar og Kristinn spurningum hreppsnefndarmanna.

Dagskrá haldið áfram.

- Byggðastofnun. Hagvöxtur landshluta 1998 – 2005.
- Landbúnaðarnefnd Vopnafjarðarhrepps. Smölun á Fjallastykki.

- Samband íslenskra sveitarfélaga. Hagsmunagæsla sveitarfélaga í úrgangsmálum.

Til afgreiðslu.

- Tónlistarskólinn á Akureyri - Ósk um greiðslu kennslukostnaðar skólaárið 2007 - 2008.

Erindinu hafnað með vísan til fyrri afgreiðslna hreppsnefndar Langanesbyggðar á samskonar erindum. Hreppsnefnd Langanesbyggðar ítrekar þá skoðun sína að ríkinu beri að standa straum af kostnaði við framhaldsnám tónlistarnema þannig að ekki verði lengur um mismunun vegna búsetu að ræða.

Sveitarstjóra falið að koma ofangreindri afgreiðslu á framfæri við Tónlistarskólann og senda afrit á þingmenn kjördæmisins. Fimm greiddu atkvæði með tillögunni og var hún samþykkt. Hulda vék af fundi undir þessum dagskrálið og Siggeir sat hjá.

- Umhverfisstofnun/LISA - Ráðstefna um Landupplýsingar 2007

Erindinu vísað til Umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

- Samband íslenskra sveitarfélaga - Skólamálfing sambandsins 23.11.07.

Samþykkt að vísa erindinu til Fræðslu- og menningarnefndar til kynningar. Samþykkt samhljóða.

- Þekkingarsetur Þingeyinga - Námsver á Þórshöfn.

Samþykkt að vísa erindinu til Fræðslu- og menningarnefndar til umsagnar. Samþykkt samhljóða.

- Ágúst Marinó Ágústsson - Þriggja fasa rafmagn.

Samþykkt að taka upp viðræður við Rarik um möguleika þess að lagt verði þriggja fasa rafmagn á bæina utan Þórshafnar. Einnig verði þingmönnum og viðkomandi fagráðherra sent erindi vegna málsins.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu. Samþykkt samhljóða.

- Íslenskur kúfiskur ehf. - Svæði fyrir geymslu á skel.

Samþykkt að úthluta Íslenskum kúfiski ehf. svæði í grjótnámu ofan Hálsvegar til geymslu á skel. Fyrirtækið skal sjá um að afmarka svæðið í samráði við sveitarstjóra og heilbrigðiseftirlit. Litið er á úthlutun svæðisins sem stuðning við þá þróunarvinnu sem unnið er að á vegum Íslensks kúfisks ehf. og verður því ekki um sérstaka gjaldtöku að ræða vegna þess til að byrja með. Leyfið er veitt til tveggja ára en að þeim tíma liðnum

skal staðsetning, umfang og möguleg gjaldtaka tekin til endurskoðunar. Samþykkt samhljóða.

- SagaZ ehf. - ÍSLAND 2010, atvinnulíf og menning.

Samþykkt að vísa erindinu til Atvinnumálanefndar til umsagnar. Samþykkt samhljóða.

- Björn Guðmundur Björnsson - Lög um virðisaukaskatt.

Samþykkt að fela endurskoðendum sveitarfélagsins að vinna mat á áhrifum þess á rekstur sveitarfélagsins ef lögum um virðisaukaskatt yrði breytt í þá veru að allur rekstur á vegum sveitarfélaga yrði virðisaukaskattskyldur. Samþykkt samhljóða.

5. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005 - 2020.

Lögð fram svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð 2005 - 2020.

Áætlunin er unnin af sérfræðingum fyrirtækisins UMÍS ehf. Environice ásamt starfsmönnum sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða að vísa áætluninni til Umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar til umsagnar.

6. Starfsmannamál, nefndir og ráð á vegum Langanesbyggðar.

Lögð fram umsókn um starf íþrótt- og tómsfundafulltrúa. Samþykkt að óska eftir umsögn Íþrótt- og tómsfundanefndar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að náðst hafi samkomulag við slökkvistjóra um áframhaldandi starf og að einnig væri í farvatninu samningur við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga varðandi fyrirkomulag hjúkrunarþjónustu við Naust.

Von er á starfsmanni Starfsleikni ehf. til Þórshafnar í september (24. - 26.) til að halda framhaldsnámskeið með starfsfólki á Nausti og er hugmyndin þá að halda einnig hópeflisnámskeið fyrir starfsfólk Grunnskólans á Þórshöfn.

Einnig kom fram í máli sveitarstjóra að Arnar Einarsson, skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn, hefur tilkynnt sveitarstjóra að hann óski eftir að láta af störfum við lok yfirstandandi skólaárs (2007-2008). Hreppsnefnd samþykkir að verða við ósk Arnars og felur sveitarstjóra að ganga frá formsatriðum vegna þessa. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri lagði fram ráðningarsamning við Maríu Guðmundsdóttur, skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði. Um ótímabundna ráðningu er að ræða. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi samning. Samþykkt samhljóða.

Upp er komin sú staða að ekki verður um skólaakstur að ræða til Vopnafjarðar í vetur og því getur kennari þaðan ekki nýtt sér lengur akstur skólabíls til og frá vinnu. Málið rætt og sveitarstjóra falið að kynna hugmynd að lausn fyrir málsaðilum. Samþykkt samhljóða.

Vegna breytinga á starfshögum og brottflutnings kjörinna fulltrúa í nefndum og ráðum liggur fyrir að skipa þarf, að hluta til, nýja einstaklinga í nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins. Samþykkt að oddvitar listanna beiti sér fyrir því formsatriðum vegna þessa verði fullnægt þannig að skipan nýrra fulltrúa verði möguleg.

Hilma kynnti að eftirtaldar breytingar verði á fulltrúum O-lista:

Ólöf Kristín Arnmundsdóttir verði aðalmaður í fræðslu- og menningarnefnd í stað Hilmu Steinarsdóttur með vísan til vanhæfis hennar. Heiðrún Óladóttir verði aðalmaður í íþrótt- og tómstundanefnd í stað Víðis Más Hermannssonar. Einnig var samþykkt að Hilma Steinarsdóttir verði varamaður í íþrótt- og tómstundanefnd í stað Heiðrúnar Óladóttir sem orðin er aðalmaður. Breytingar voru samþykktar samhljóða. Einnig samþykkti sveitarstjórn samhljóða að Björn Guðmundur Björnsson, yrði aðalmaður í fjallskilanefnd eystri í stað Hafliða Jónssonar.

7. Rekstur Langanesbyggðar fyrstu 6 mánuðina 2007.

Fyrir fundinum lá milliuppgjör fyrstu sex mánaða fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess. Uppgjörið var unnið af KPMG á Egilsstöðum.

Sveitarstjóri fór yfir uppgjörið og skýrði helstu niðurstöður en samkvæmt þeim er rekstur sveitarsjóðs neikvæður eftir fyrstu 6 mánuðina um kr. 8.020.036,- en að teknu tilliti til reksturs b-hluta fyrirtækja og stofnana er reksturinn jákvæður um sem nemur kr. 150.478.471,-. Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og oddviti sleit fundi kl. 19:08.

Guðni Hauksson, ritari.